

4. Kröfur og rökstuðningur:

Upptalning á kröfum álitsbeiðanda og rökstuðningur fyrir þeim:

5. Listi yfir meðfylgjandi gögn:

Upptalning á meðfylgjandi gögnum, t.d. húsaleigusamningi:

Staður og dagsetning

Undirskrift álitsbeiðanda

Leiðbeiningar
um útfyllingu eyðublaðsins

- Gera verður skýra kröfu um tiltekna niðurstöðu varðandi hvert ágreiningsatriði. Kærunefnd veitir ekki umsagnir um fræðilegar spurningar, heldur tekur afstöðu til krafna aðila.
- Með álitsbeiðni verða að fylgja þau gögn sem varpað geta ljósi á mál, svo sem afrit af húsaleigusamningi, bréfaskriftum aðila o.s.frv.

Upplýsingar um kærunefnd **húsaleigumála**

- Hlutverk kærunefndar er að fjalla um hvers konar ágreining milli aðila leigusamnings við gerð og/eða framkvæmd samningsins. Nefndin getur einnig tekið mál fyrir að eigin frumkvæði eða eftir tilmælum og ábendingum frá öðrum. Um nefndina er fjallað í 84.-85. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.
- Aðilum leigusamnings, einum eða fleiri, er heimilt en ekki skylt að leita til nefndarinnar með ágreiningsefni sín.
- Nefndin er skipuð af félagsmálaráðherra. Nefndarmenn eru þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Einn nefndarmaður er skipaður eftir tilnefningu Húseigendafélagsins, annar eftir tilnefningu Leigjendasamtakanna og sá þriðji án tilnefningar og er hann formaður.
- Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði og er málsmeðferð því aðilum málsins að kostnaðarlausu.
- Álit nefndarinnar eru skrifleg og rökstudd og skulu að jafnaði veitt innan tveggja mánaða frá því að erindi barst nefndinni.
- Niðurstöðu nefndarinnar verður ekki skotið til annars stjórnvalds en meðferð nefndarinnar á ágreiningsefni eða álit hennar á því hindrar aðila á engan hátt í að leggja mál sitt fyrir dómstóla.
- Álitsgerðir kærunefndar eru gefnar út í ársskýrslu nefndarinnar og einnig birtar jafnóðum á heimasíðu félagsmálaráðuneytis. Nöfn einstaklinga og heimilisföng koma ekki fram við opinbera birtingu.